

## Vegna umsagnar, Hvammsvirkjun.

Landsvirkjun sendi Veiðifélagi Þjórsár erindi dagsettu 15. nóvember 2021. Sent af Val Knútssyni forstöðumanni hjá Landsvirkjun, þar sem sem óskað er eftir umsögn veiðifélagsins á umsögn Hafrannsóknarstofnunar vegna fyrirhugaðra framkvæmda vegna Hvammsvirkjunar.

Eins og kemur fram í umsögn stjórnar Veiðifélags Þjórsár höfum við margt um þetta að athuga sem ekki hefur verið svarað hvorki að hálfu Hafrannsóknastofnunar né Landsvirkjunar hvernig skal útfæra og leysa ýmis vandamál sem við sjáum hjá veiðifélaginu og vísast til áherslupúnta í umsögn stjórnar Veiðifélags Þjórsár og sveitastjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps hefur undir höndum. Viljum við sérstaklega benda á þá hunsun sem Landsvirkjun hefur sýnt okkur í stjórn veiðifélaginu, síðasti fundur var 19. nóvember 2014 og bendum við á að aldrei hefur staðið á okkur að mæta til fundar.

Veiðifélag Þjórsár starfar samkvæmt Lax og silungsveiðilögum frá árinu 2006. Þar er félaginu lögð sú skilda að verja lífríki alls vatnasvæðis sem fiskur gengur um og búsvæðis allra fiska. En um 35% búsvæða laxa er á áhrifasvæði Hvammsvirkjunar eins og kemur fram í umsögn okkar.

Um 180 veiðirétthafar búa við vatnasvæði Þjórsár og er það mjög mikið í húfi að allir vinni saman til að verja sem best hagsmuni allra veiðirétthafa og lítum við á hjá Veiðifélagi Þjórsár að það hljóti að vera mikið kappsmál hjá sveitastjórn Skeiða og Gnúpverjahrepps að leita allra leiða til lausna með sátt að leiðarljósi svo að sveitastjórn skapi sér ekki skaðabótaskyldu.

Stjórn Veiðifélags Þjórsár hefur sent umsagnir og athugasemdir á öllum stigum þessa máls og hefur svarað athugasemdum sem borist hafa allt frá árinu 2010, og verðum það áfram.

Vona ég að þessi pistill svari einhverju, en stjórn veiðifélagsins er ávalt tilbúinn að mæta á fund með ykkur ef eftir því verður óskað.

Með bestu kveðjum.

Stöðulfell.13.febrúar 2022.

Oddur Guðni Bjarnason

Formaður Veiðifélags Þjórsár